



Lærdómssamfélag á unglíngastígi Hörðuvallaskóla

Próunarverkefni styrkt af Sprotasjóði

nr. 73. 2017-2018

Verkefnisstjórar: Ágúst Jakobsson og Edda Kjartansdóttir

Markmið verkefnis:

Hörðuvallaskóli hefur að stefnu í starfi sínu að koma til móts við þarfir, áhuga og getu hvers og eins nemanda. Verkefninu var ætlað að styðja við stefnuna og áhersla var lögð á að efla nemendur og kennara í vinnubrögðum sem leiða til aukinnar þátttöku nemenda í náminu, ýta undir ábyrgð þeirra í námi og vekja innri áhugahvöt. Markmið verkefnisins voru því eftirfarandi:

- Að nemendur auki ábyrgð sína á eigin námi og sjálfstæði sitt með því að skipuleggja sitt eigið nám og finna út hvaða leiðir hægt er að fara til að ná settum markmiðum.
- Að auka fjölbreytni í kennsluháttum og námsmati kennara, með sérstaka áherslu á notkun leiðsagnarmats.
- Að nemendur þjálfist í að setja sér markmið í námi og persónulegu lífi.
- Að nemendur sýni aukið frumkvæði í vinnubrögðum, að þeir verði verði meðvitaðri um áhugasvið sín og nýti áhugahvöt sína í auknum mæli í náminu.
- Að kennarar þjálfist í að ýta undir áhuga nemenda með markvissum og reglulegum samtölum.
- Að kennarar treysti samstarf sitt og leggi áherslu á samábyrgð sína þegar kemur að starfi með nemendum.
- Að treysta náms- og starfsráðgjöf í skólanum og gera hana órjúfanlegan þátt í daglegu starfi nemenda á unglíngastigi

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

Á endurmenntunardögum kennara haustið 2017 var unnið að því (með námskeiðahaldi og hugmyndavinnu kennara) að fræðast um leiðir til að nýta áhugasvið nemenda í náminu, að útfæra námssamninga af ýmsu tagi, að efla kennara í því hlutverki að taka nemendasamtöl sem snúast um sjálfstæði og áhuga nemenda, og að fræðast um leiðsagnarmat og gera áætlanir um nýtingu þess.

Stundaskrár nemenda á unglíngastigi voru algjörlega endurskipulagðar þannig að um þriðjungur kennslustunda urðu "vinnustundir" þar sem nemendur unnu á sjálfstæðan hátt að áætlunum sínum og höfðu val um hvað unnið var á hverjum tíma. Á stundaskrá voru einnig vikulegir áætlunartímar þar sem umsjónarkennari og nemendur unnu að einstaklingsbundnum áætlunum nemenda og nemendur settu sér bæði markmið í námi og persónuleg markmið. Kennarar höfðu í kennsluáætlunum sínum útbúið sérstakar námslotur sem nemendur unnu út frá. Námsloturnar byggðu á námsmarkmiðum skólans sem unnin hafa verið út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Einnig var námsefni tilgreint, verkefni, þjargráð og hvernig námslotan var metin. Ný kynslóð Mentorkerfisins var nýtt í þessu skyni en einnig notast við möguleika „Google apps for education“.

Aukin var aðkoma náms- og starfsráðgjafa að daglegu starfi nemenda. Lögð var áhersla á að efla námstækni, lestrar- og glósutækni, náms og starfsval. Náms- og starfsráðgjafi hafði fasta viðveru í hluta námstíma nemenda þ.e. í áætlunartímum og vinnustofutímum þeirra.

Kennarar á unglíngastigi skólans unnu í auknum mæli sem ein heild að kennslu nemendahópsins og tóku meir en áður sameiginlega ábyrgð á námi nemenda. Kennarar á unglíngastigi sóttu námskeið um teymiskennslu í ágúst 2017 og haldnir voru reglulegir fræðslu- og samráðsfundir vegna verkefnisins. Fundina annaðist Edda Kjartansdóttir aðstoðarskólalastjóri eldra stigs skólans.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins:

Frávik voru ekki teljandi. Þau markmið að nýta áhugasvið nemenda náðust hins vegar ekki eins og að var stefnt en áfram verður unnið að þeim málum. Þar sem styrkur fékkst ekki fyrir öllum kostnaði sem sótt var um var dregið úr kaupum á utanaðkomandi ráðgjöf.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

Helstu hindranir sneru í raun að praktískum málum varðandi framkvæmd vinnustunda, þ.e. að utanumhaldi um vinnu nemenda í þeim tímum. Skipuleggja þurfti leiðir til að halda utan um mætingar og ástundunarskráningar í vinnustundum, leiðir til að tryggja að nemendur nýtt tímana sem best o.s.frv. Nemendur voru óvanir að þurfa að skipuleggja tíma sinn sjálfir og það hefur tekið tíma og er áframhaldandi viðfangsefni að höfða til ábyrgðar þeirra á námi sínu og kenna þeim að skipuleggja tíma sinn sem best.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið:

Ávinningur af verkefninu felst fyrst og fremst í því að kennarar fengu tækifæri til að ræða faglega saman um markmið og leiðir breytts fyrirkomulags. Til varð sýn þeirra á starfið á unglingastiginu sem mun nýtast okkur í framtíðinni til að vinna eftir og þróa starfið enn frekar. Kennarar fengu einnig tækifæri til að þróa sig áfram með að gera áætlanir sem nemendur fylgja í stjálftæðri vinnu, halda bekkjarfundi og nemendasamtöl og takast á við breytt fyrirkomulag kennslustunda.

Við komumst að því að vinna náms- og starfsráðgjafa með nemendum hvað varðar skipulag nám þeirra og námstækni þarf að vera enn markvissari.

Það hefur verið byggður grunnur að áframhaldandi þróunarstarfi með þeim áherslum sem lagt var af stað upp með í þessu verkefni.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Markmið sem lagt var upp með	Mat
Að nemendur auki ábyrgð sína á eigin námi og sjálfstæði sitt með því að skipuleggja sitt eigið nám og finna út hvaða leiðir hægt er að fara til að ná settum markmiðum.	Nemendur fengu áætlanir frá kennurum sem þeir unnu eftir í vinnustundum. Þær áætlanir má þróa enn frekar og auka aðkomu nemenda að þeim. Námsráðgjafi þurfti að koma inn í skipulag hjá sumum nemendum og aðrir þurftu að fá aukna aðstoð til að halda utan um nám sitt.
Að auka fjölbreytni í kennsluháttum og námsmati kennara, með sérstaka áherslu á notkun leiðsagnarmats.	Fræðsla um leiðsagnarmat fór fram þrisvar á skólaárinu, leiðsagnarmat var lagt til grundvallar í samtölum stjórnenda við kennara eftir heimsóknir í kennslustofur. Umræða um fjölbreytni í kennsluháttum hófst en þarf að komast á framkvæmdastig.
Að nemendur þjálfist í að setja sér markmið í námi og persónulegu lífi.	Þennan þátt þarf að vinna enn frekar með. Kennarar þurfa meiri fræðslu til að styðja nemendur við þetta og aðkoma náms- og

	starfsráðgjafa að vera enn markvissari en tókst skólaárið 2017-2018.
Að nemendur sýni aukið frumkvæði í vinnubrögðum, að þeir verði verði meðvitaðri um áhugasvið sín og nýti áhugahvöt sína í auknum mæli í náminu.	Þennan þátt þarf að vinna enn frekar með. Ráðinn hefur verið kennsluráðgjafi við skólann til að sinna þessu m.a. enn frekar.
Að kennarar treysti samstarf sitt og leggi áherslu á samábyrgð sína þegar kemur að starfi með nemendum.	Kennarar unnu að því að samræma verklag og utanumhald í vinnustundum. Skólaárið endaði á því að til varð sýn á það hvernig fyrirmyndarvinnustund lítur út og var hún kynnt nemendum og þeir settu fram lista yfir það sem þeir þurfa að gera til að sú sýn nái fram að ganga og kennarar skráðu einnig niður hvað þeir þurfa að gera til að ýta undir það að vinnustundir verði til fyrirmyndar. Þessi vinna nýtist næsta skólaár til að byggja upp enn metnaðarfullri námsmenningu í vinnustundum.
Að treysta náms- og starfsráðgjöf í skólanum og gera hana órjúfanlegan þátt í daglegu starfi nemenda á unglingastigi	Náms- og starfsráðgjafi er í fullu starfi á unglingastigi skólans og kemur hann að stuðningi við skipulag nemenda á námi sínu. Stefnt er að því að næsta skólaár verði sú aðkoma enn markvissari.
Að kennarar þjálfist í að ýta undir áhuga nemenda með markvissum og reglulegum samtölum.	Nemendasamtöl voru á dagskrá skólaárið 2017 og 2018. Dæmi um viðtalsramma urðu til. Halda þarf áfram með þá vinnu næsta skólaár og gera nemendasamtöl enn markvissari.

Niðurstöður verkefnisins:

Kennarahópurinn fór af stað í verkefnið að undirlagi sjónnenda og það litaði verkefnið töluvert því hópurinn var nokkuð óruggur með hvað þeim var ætlað að gera og kallaði eftir ítarlegri leiðsögn en í boði var. Við komumst að því að faglega forystu þarf að bæta til að verkefnið þróist enn frekar og farið var í ýmsar skipulagsbreytingar sem koma til framkvæmda næsta skólaár til að stuðla að því að hún verði markvissari í framtíðinni. Áðurnefndur kennsluráðgjafi er hluti af þeim skipulagsbreytingum.

Nokkuð margir þættir lágu undir í verkefninu og það náðist misvel að komast áfram með þá. Vinnustundir eru komnar til að vera og haldið verður áfram að þróa þær, sjálfstæð vinna nemenda samkvæmt námsáætlunum mun halda áfram en styðja þarf kennara til að auka aðkomu nemenda að þeirri áætlanagerð og þróa hana. Við þurfum að skoða enn frekar hvernig við gerum nemendaáætlanirnar enn markvissara vinnutæki fyrir nemendur og einnig hvernig við stuðlum að því að foreldrar geti fylgst með námi barna sinna. Töluvert bar á því að notkun bæði Mentor og google classroom gerði foreldrum erfitt fyrir með að fylgjast með námi barna sinna. Munum við leggja til að allir kennara setji áætlanir inn á Mentor en noti google classroom sem viðbótartól, en það er handhægara varðandi verkefnaskil o.þ.h.

Við sjáum að byggja þarf stuðning náms- og starfsráðgjafa varðandi skipulag náms og námstækni enn markvissar upp og stefnt er að því að gera það t.d. með aðkomu náms- og starfsráðgjafa inn í samfélagsfræðikennslu næsta skólaár.

Bekkjarfundir og nemendasamtöl munum við halda áfram að þróa sem tæki til að auka nemendalýðræði og persónulega markmiðssetningu nemenda.

Fjölbreyttir kennsluhættir, áhugasviðsverkefni og leiðsagnarmat eru allt þættir sem við munum einnig halda áfram að þróa, komumst styst með þá í þessu verkefni, en málin voru sett á dagskrá, ákveðinn grunnur byggður sem hægt verður að hefja vinnu við að byggja ofan á strax næsta skólaár.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum.

Verkefnið hefur þegar verið kynnt á nokkrum stöðum svo sem í öðrum skólum Kópavogs og á samstarfsvettvangi með öðrum skólum. Aðilar lýsa sig tilbúna til að kynna verkefnið fyrir þeim sem þess óska.

Ágúst Frímann Jakobsson

Edda Gíslrún Kjartansdóttir